



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
c/o Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Vesturbyggð, 30.11.2016

1611018/ FM

Efni: Byggðakvóti 2016-2017, sérreglur Vesturbyggðar.

Á 787. fundi bæjarráðs Vesturbyggðar var bréf Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis dags. 31.10.2016 tekið fyrir. Eftirfarandi var bókað:

Magnús Jónsson vék af fundi undir þessum dagskrárlið. Lagt fram bréf dags.

31. okt. sl. frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu vegna umsóknar um byggðakvóta fiskveiðiársins 2016 til 2017.

Lögð fram til kynningar bókun frá 11. fundi atvinnu- og menningarráðs frá 21. nóvember sl. undir 1.tölul. dagskrár þar sem ráðið leggur til að farið verði eftir almennum reglum um úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu.

Bæjarráð Vesturbyggðar samþykkir samhljóða að við úthlutun byggðakvóta í Vesturbyggð (Patreksfjörður, Bildudalur og Brjánslækur) að farið verði eftir reglugerð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins nr. 641/2016 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2016-2017 með eftirfarandi breytingum:

- Brjánslækjarhöfn:

1. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafila í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

2. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu



VESTURBYGGÐ

Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

- Bıldudalshöfn:

1. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2015 til 31. ágúst 2016.

2. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

- Patrekshöfn

Bæjarráð gerir engar breytingar á reglugerðinni, nr. 641/2016.

Bæjarstjóra falið að senda ráðuneyti atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu bókun bæjarráðs.

